

kr. 200 000.00, má veita úr honum auk vaxta allar tekjur hans. Höfuðstóll sjóðsins má aldrei vera minni en kr. 200 000.00.

**6. gr.**

Sjóðurinn hefur sérstakt bókhald og fjárreiður og skal fé hans ávaxta á sérstökum bankareikningi. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

**7. gr.**

Stjórn Kvenfélags Hreyfils sér um úthlutun úr sjóðnum og fer með stjórn hans. Stjórn Kvenfélagsins er heimilt að tilnefna sérstakan gjaldkera til að fara með bókhald og reikningshald sjóðsins.

**8. gr.**

Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu lagðir fram á aðalfundi Kvenfélags Hreyfils.

**9. gr.**

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

26. júlí 1971.

Nr. 139.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Brynleifs Tobiassonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júlí 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir Minningarsjóð Brynleifs Tobiassonar.

**1. gr.**

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Brynleifs Tobiassonar, og er stofnaður við fráfall hans af kennurum Menntaskólans á Akureyri og vinum og samherjum hans í bindindismálum.

**2. gr.**

Höfuðstóll sjóðsins er, þegar skipulagsskrá þessi er sett, kr. 35 955.90. Gjafir, sem sjóðnum kunna að bætast, leggist óskertar við höfuðstólinn.

**3. gr.**

Sjóðurinn er í vörzlu skólameistara Menntaskólans á Akureyri, og fer með vörzlu hans eftir sömu almennu reglum og um aðra sjóði í vörzlu skólans.

**4. gr.**

Skólaráð fer með stjórn sjóðsins og ákveður úthlutun úr honum.

**5. gr.**

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en árlega má veita  $\frac{1}{4}$  ársvaxta til nemenda, sem skara fram úr í sagnfræði og/eða hafa unnið að bindindismálum í skólunum eða utan hans. Úthlutun fari fram í skólaárslok.

**6. gr.**

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.